

Forsætisráðuneytið
Skrifstofa jafnréttismála
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2019

Efni: Umsögn um verðmætamat kvennastarfa

Neikvæðar staðalmyndir

Jafnréttislögum¹ hefur mistekist að berjast gegn „neikvæðum staðalmyndum um hlutverk kvenna og karla“. Besta dæmið um það er hvernig hið opinbera lítur á hlutverk fráskilinna foreldra.

- Eftir skilnað þá eru flest börn með lögheimili hjá mæðrum sínum. Þá skráir Þjóðskrá mæðurnar sem einstæða kvenkyns foreldra en karlana sem einhleypa og barnlausa einstaklinga.
- Sé barn með fötlun þá getur aðeins lögheimilisforeldri sótt um og fengið þjónustu, samkvæmt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„...er það eingöngu lögheimilisforeldrið sem getur sótt um slíka þjónustu, sem bundin er við lögheimilisskráningu barns.“²

- Jafnvel þó foreldri hafi jafna umgengi og sameiginlega forsjá þá fær það ekki sjálfkrafa að vera með. Sveitarfélög líta nefnilega á foreldrið sem ekki hefur lögheimili barnsins sem utanaðkomandi aðila sem skiptir barn og umönnun engu máli. Aukin umönnunarbyrði er því sett á herðar kvenna af ásetningi þrátt fyrir rannsóknir sem sýna að byrði þeirra er þegar orðin of mikil³.
- Foreldri barns með fötlun óskaði eftir aðild að máli barns síns og þjónustu svo það gæti betur stutt við barns sitt(2018). Foreldrið hefur ekki lögheimili barnsins. Svar sveitarfélagsins var:

„...[foreldri] er að gera athugasemdir við vinnslu mála sem [það] á ekki aðild að skv. Stjórnsýslulögum og hefur ekki hagsmuni af afgreiðslu þess.“

- Undir þetta tók Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar. Umboðsmaður Alþingis sá ekki ástæðu til að skoða málið frekar og Umboðsmaður barna ekki heldur. Niðurstaðan fyrir bæði barn og foreldri er því endanleg. Forsjárforeldri sem hefur barn hjá sér hálf tilið og ber ábyrgð á þroska þess hefur ekki rétt á aðstoð, hvorki frá ríki né sveitarfélagi, enda er ekki litið á það sem umönnunarforeldri heldur sem fyrirvinnu.
- Leikskóli sem barn með fötlun var í sá ekki ástæðu til að svara beiðni forsjár- og umgengisforeldris um breyttan fundartíma teymisfundar. Degi fyrir áætlaðan fund var fundartímanum breytt fyrir starfsmann sveitarfélagsins. Foreldri kvartaði til sveitarfélagsins sem sá ekkert athugavert við þetta. Hvorki ráðuneyti samgöngu né menntamála hafa

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020150.html>

² <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-2172.pdf>, bls 4.

³ <https://www.frettabladid.is/frettir/island-kemur-illa-ut/>

lagaheimild til að skoða þetta. Umboðsmaður Alþingis sá ekki ástæðu til að skoða þetta mál nánar. Niðurstaðan er því endanleg fyrir bæði barn og foreldri. Forsjáforeldri sem hefur barn hjá sér hálf árið og ber ábyrgð á þroska þess hefur ekki rétt til að sitja teymisfundi þar sem málefni barnsins eru rædd, staða þess, markmið og árangur, enda ekki litið á það sem umönnunarforeldri heldur sem fyrirvinnu.

- Meðlag er alltaf greitt óháð umgengni, umönnunarkostnaði og tekjum. Einfalt meðlag er hugsað sem helmingur af framfærslukostnaði barnsins. Ef foreldri hefur mikla umgengni þá er ljóst að það léttir mikið á framfærslubyrði lögheimilisforeldrisins (umönnunaraðilans) en það tekur í staðinn á sig auknar byrðar. Hvorki nógildandi lög né kerfi taka tillit til umgengni. Sé umgengni helmingur tímast þá ætti greiðsla meðlags að falla niður sé miðað við rökstuðning um greiðslu meðlags. Í nógildandi kerfi er því ljóst að foreldri sem nýtur mikillar umgengni þarf að hafa hærra kaup en lögheimilisforeldrið. Af stærstum hluta eru það karlar.
- Barnabætur eru alltaf greiddar lögheimilisforeldri án tillits til umgengni og umönnunarkostnaðar. Barnabætur eru því ekki hugsaðar sem kerfi til að aðstoða foreldra (félagslegs eðlis þar sem hugsað er um líf skjör foreldra og barna) heldur sem hluti af ríkisfjármálastefnu án tillits til líf skjara foreldra og barna. Við lagasetningu, lagabreytingar, ákvörðun um upphæð er ekki tekið tillit til ólíkrar stöðu barna og foreldra. Það eitt sýnir best eðli kerfisins. Eftir skilnað fá flestar mæður barnabætur en nær nær engir feður. Það sýnir einnig viðhorf til hlutverka kynjanna, að mæður sé umönnunaraðilar en feður fyrirvinnur.

Samantekt:

Nógildandi kerfi, lagasetningar og framkvæmd, byggir á tærum hugmyndum feðraveldisins um skyldur foreldra, að mæður séu umönnunaraðilar en feður séu fyrirvinnur. Þetta er andstætt jafnréttislögm. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta kerfunum án tafar og skipuleggja kerfi sem byggir á hugmyndum um jafnrétti og jafna stöðu kynjanna. Kerfi sem byggir á úreltum og neikvæðum staðalmyndum um hlutverk kynjanna hefur ekki tilverurétt.

Fyrirvinnur þurfa hærra kaup en umönnunaraðilar. Þannig er kerfið byggt upp. Umönnunaraðilar þurfa að geta hlaupið úr vinnu með stuttum fyrirvara og verið frá vinnu í lengri tíma en fyrirvinnur. Af því leiðir að sérhæfing þeirra verður minni og nauðsynlegt er að hafa starfsfólk til vara. Fólk sem styður óbreytt fyrirkomulag meðlags, barnabóta, stuðning vegna barna og svo framvegis er einfaldlega að segja að konur séu minna virði en karlar.

Umönnunaraðilar og fyrirvinnur

Segjum að hjón vinni hjá sama vinnuveitandanum sem hefur fengið jafnlaunavottun. Þau vinna sambærileg störf og höfðu 450 þúsund krónur í mánaðartekjur árið 2020. Þau eiga tvö börn, eitt þeirra er metið með fötlun og fá þau greitt með því 25% umönnunarbætur. Eitthvað kemur upp í sambandi foreldranna og þeir skilja. Móðirin fær lögheimili barnanna en forsjá verður sameiginleg og umgengni jöfn.

Fjárhagsleg staða foreldranna og heimilanna gjörbreytist.

Ráðstöfunartekjur föðurins eftir skatta og greiðslu meðlags⁴ verða 262.091 krónur⁵. Ráðstöfunartekjur móðurinnar eftir skatta og greiðslu meðlags og umönnunargreiðslu verða 512.467 krónur⁶.

⁴ <https://www.medlag.is/stofnunin/upphaedmedlags>

⁵ <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/reiknivalar/reiknival-stadgreidslu/> 333.211-(2*35.565)=262.091

⁶ 333.211+(2x35.565)+60.018+(25%*192.433)=512.467

Ráðstöfunartekjur lögheimilisins eru 95% hærrí. Það er ljóst að mikill hvati er fyrir föðurinn að vinna meira, krefjast herra kaups og svo framvegis til þess eins að jafna stöðu heimilanna.

Til þess eins að jafna stöðu heimilanna þyrftu laun föðursins að vera 865.000 krónur á mánuði, 92% hærrí en móðurinnar.

Þegar tekjur föðursins eru orðnar svona háar þá getur móðirin (umönnunaraðilinn) óskað eftir auknu meðlagi. Samkvæmt viðmiðunartölum getur hún óskað eftir tvöföldu meðlagi. Þá verða ráðstöfunartekjur hennar á mánuði 583.597 krónur.⁷ Tekjur föðursins verða því að hækka til að jafna stöðu heimilanna í 1.125.000 krónur. Tekjur föðursins þurfa því að vera um 150% hærrí en móðurinnar svo bæði heimili hafi 583.597 krónur til ráðstöfunar á mánuði.

Þarna er skýrt dæmi um hvernig núverandi kerfi er með innbyggða hvata í að auka launmun kynjanna og hvernig kerfið lítur á annað foreldri sem umönnunaraðila en hitt sem ábyrgðarlaus barnlaus fyrirvinnu.

Rannsóknir á stöðu foreldra eru ekki til á Íslandi

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi með það að markmiði að rannsaka stöðu foreldra og barna. Í nýlegri rannsókn sem gerð var í samvinnu við Öryrkjabandalagið var til dæmis ekki spurt hvort foreldrar væru meðlagsgreiðendur⁸. Það virðist að ekki sé litið á greiðslu meðlags sem íþyngjandi fyrir öryrkja og/eða foreldra. Einnig var ekki spurt hvort foreldrar hefðu lögheimili barna sinna eða ekki. Sömu ágallar eru á rannsóknum Hagstofunnar. Svarendur eru eingöngu beðnir um að svara spurningu um sambandsstöðu sína og svo hversu mörg börn búa á heimilinu. Foreldri sem ekki hefur lögheimili barna sinna en hefur barn/börn reglulega í umgengni gæti sagst vera einhleyppt og með börn á heimilinu. Það væri nú svolítið skrítið að segjast vera barnlaus ef kostnaður vegna barnanna er mikill og hefur áhrif á lífskjör foreldrisins með beinum hætti.

Það væri hægt að segja að meðlagsgreiðendur meðal „einstæðra foreldra“ væru það fáir að þeir hefðu lítil áhrif á heildar niðurstöðu rannsókna. Að „foreldri sem býr eitt með börnum sínum“ gæti því vel kallast „einstætt foreldri“. Það býr hins vegar til annað vandamál. Foreldrar sem bera mikla framfærslubrýði vegna barna sinna en hafa ekki lögheimili þeirra gætu flokkast sem „einstaklingar án barna“. Í þessum hópi eru margir sem standa illa. Rannsóknir geta með engu móti svarað því hvort staða þessara einstaklinga sé slæm vegna barna eða ekki. Rannsóknir geta með engu móti svarað því hvað best sé að gera til að styðja við þessa einstaklinga. Þessar rannsóknir eru því mjög takmarkaðar og gefa í besta falli vísbendingar en ekki ákveðnar niðurstöður sem hægt er að nota til að bæta stöðu foreldra og barna.

Þessi ágalli sést vel í rannsókn Hagstofunnar á launamun kynjanna 2008-2020. Í viðauka 1, blaðsíðu 32, er athugað hvort einstaklingar eiga börn samkvæmt mannfjöldagöngum Hagstofunnar. Hér er ekki litið til þess hvort foreldrar eigi börn og beri kostnað vegna þeirra heldur aðeins hversu mörg börn eru með lögheimili hjá viðkomandi. Ástæðan fyrir því að fjöldi barna er ekki miðaður við raunverulegan fjölda barna á framfæri foreldra er til að koma í veg fyrir tvítalningu að sögn Hagstofunnar. Þessi framkvæmd sýnir því ekki raunverulega umönnunarbrýði foreldra eða áhrif barna á launþega. Þessi framkvæmd gæti því bjagað niðurstöður um „leiðréttan launamun“ og dregið úr áreiðanleika rannsóknarinnar. Ekki er fjallað um þennan galla í niðurstöðum Hagstofunnar sem virðist benda til þess að Hagstofan geri sér ekki grein fyrir þessari alvarlegu takmörkun á áreiðanleika rannsóknarinnar.

⁷ $333.211 + (4 \times 35.565) + 60.018 + (25\% \times 192.433) = 583.597$

⁸ <https://www.rannvinn.is/post/sk%C3%BDrsla-v%C3%B6r%C3%B0u-um-st%C3%B6%C3%B0u-fatla%C3%B0s-f%C3%B3lks-er-komin-%C3%BA>

Bæta þarf verulega úr gæðum þeirra rannsókna sem gerðar eru hér á landi um stöðu foreldra og barna.

Tillögur

Til að draga úr kerfislægum hvötum þarf:

Þegar rannsóknir eru gerðar:

- Hagstofan spyrji hversu mörg börn búi hjá foreldrinu en einnig hversu mörg þeirra hafi lögheimili hjá því.
- Hagstofan spyrji hvort foreldrið greiði meðlag með börnum og þá hversu mörgum.
- Það er einnig nauðsynlegt að spyrja um umgengni til að meta umönnunarbyrði og kostnað vegna framfærslu barnanna.

Þessar breytingar myndu kortleggja mun betur stöðu foreldra og barna. Allir foreldrar væru taldir með og umönnunarbyrði foreldra kæmi fram með skýrum hætti.

Meta þarf neikvæð áhrif ríkjandi laga og kerfis á launamun kynjanna. Ef ná á jafnrétti og eyða launamun þá er nauðsynlegt að:

- Breyta barnabótakerfinu þannig að tekið sé tillit til kostnaðar vegna framfærslu barna. Það gæti leitt til þess að báðir foreldrar fái barnabætur búi þeir ekki saman. Þá eru forsjárskyldur og ábyrgð beggja foreldra viðurkenndar. Það er kerfi sem byggt er á jafnrétti.
- Breyta lögum um meðlag með þeim hætti að sé umgengi jöfn og forsjá sameiginleg að þá sé ekkert meðlag greitt. Meðlag er hugsað sem hlutur þess foreldris sem barn býr ekki hjá. Sé umgengni helming tímans þá er augljóst að þetta ákvæði í núgildandi lögum er löngu úrelt og hefur ekki þróast í átt til jafnréttis.

Niðurstaða

Hugmyndir um stöðu og hlutverk kynjanna eru undir miklum áhrifum feðraveldisins þar sem konur eru umönnunaraðilar en feður fyrirvinnur. Þetta sést vel í lögum um stuðning við foreldra, lögum sem fjalla um greiðslu meðlags og lögum um barnabætur. Í þessum lögum er ekkert litið til ábyrgðar, umgengni, framfærslukostnaðar vegna barna og svo framvegis. Aðeins er litið til þess hvar barn hefur lögheimili. Þetta gerir það að verkum að „foreldrar“ eru flokkaðir sem „einstaklingar“, að „foreldrar“ fá ekki stuðning og að þeir „foreldrar“ sem ekki hafa lögheimili barna sinna, sem flestir eru feður, þurfa að hafa hærra laun til þess eins að börnin geti búið við sambærileg skilyrði á báðum heimilunum.

Rannsaka verður betur stöðu foreldra og athuga hvort það hafi áhrif á launamun kynjanna og eyða verður innbyggðum hvötum í kerfinu sem auka launamun.

Virðingarfyllt,

Lúðvík Júlíusson